

Hverfisráð Raufarhafnar haldin 20.apríl 2021 kl 11:00

Mættir voru Kristjana Bergsdóttir, Bergdís Jóhannsdóttir, Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Ragnar Tómasson. Einnig sat fundinn Nanna Steina Höskuldsdóttir

- Umhverfið á Raufarhöfn.

Stóri plokkgaturinn er haldin á Íslandi þann 24. apríl næstkomandi og hvetur hverfisráð íbúa til að taka fullann þátt í honum og plokka rusl hér og þar. Undafarin ár hefur að auki verið haldin hreinsunardagur í þorpinu og er hann fyrirhugaður 22. maí þá eru íbúar allir hvattir til að taka þátt og hreinsa opin svæði.

Hverfisráð hvetur íbúa til að hreinsa þorpið af rusli og gera skínandi fint fyrir sumarið.

Í fyrstu viku maí hyggir hverfisráð á að fara á rúntinn í þorpinu, mynda og taka niður punta um það sem betur má fara í umhverfismálum. Í framhaldinu mun ráðið senda athugasemdir á aðila sem þurfa að taka til í kringum sig og vonast ráðið til þess að íbúar taki vel í athugasemdirnar.

Því glögg er gestsaugað og betur sjá augu en auga.

Þetta er tilraun til að fá íbúa til að vakna að vetrardvala og gera þorpið fint og flott, en ekki til að skapa úlfúð og því er það von hverfisráðs að íbúar og aðrir fasteinaeigendur taki vel í framtakið.
- Lýsing ljósastaurar, hverfisráð óskar eftir upplýsingum um fyrirætlanir Vegagerðirnar með lýsingu við Aðalbraut. Þar sem fjarlægja þarf gamla tréstauro og setja nýja ljósastaura þeim megin sem gangbraut er. Samhliða ítrekar hverfisráð að bæta þarf við lýsingu í Vogsholt og við Víkurbraut.
- Tillaga hefur borist hverfisráði með að lækka hámarkshraða í þorpinu.

Hverfisráð vill endilega leita allra leiða til að minka hraða í þorpinu.

Aðgerðir þarf strax þegar komið er inni þorpið sunnanmegin. Hverfisráð vill helst sjá og telur það vænlegast til árangurs að setja upp hraðabrengingu þegar komið er inni þorpið til að ná niður hraða áður en alvarlegt slys verður. Hverfisráð óskar eftir því að sveitarfélagið taki þessa hugmynd upp við Vegagerðina sem fyrst og krefjist úrbóta. Þar sem ólíklegt er að hægt sé að fá fjármagn í slíka varanlega framkvæmd fyrir sumarið er það mat hverfisráðs og starfsmanna þjónustumiðstöðvar að hægt sé að koma upp snyrtilega bráðarábyggðarþrengingu á veginn samhliða því að mála merkingar á veginn. Hægt væri að koma fyrir blómakerum og fengi því innkoman í þorpið upplýftingu samhliða
- Þakið á Ráðhúsinu: Á fundi Skipulags- og framkvæmdaráð var bókað:

Aðalbraut 23, viðhald á skrifstofu Norðurþings Raufarhöfn. 201911005

Fyrir skipulags- og framkvæmdaráði liggja gögn um ástand skrifstofu Norðurþings á Raufarhöfn.

Skipulags- og framkvæmdaráð felur framkvæmda- og þjónustufulltrúa að uppfæra kostnaðaráætlun í tengslum við viðhald á þaki og viðbyggingu. Jafnframt að gera við leka til bráðabirgða.

Það að skipta um þak á húsinu hefur hið minnsta einu sinni komist inná framkvæmdaáætlun einu sinni á síðustu árum en var tekið út vegna annarra framkvæmda. Nú er ekki meira hægt að tjasla eða gera bráðabyggðarviðgerðir. Þakið er ónýtt og húsið sjálft og innanstokksmunir farnir að skemmast.

Hverfisráð skorar á Skipulags og framkvæmdaráð að skipta um þakið á Aðalbraut 23 fyrir septemberlok 2021
- Gangstéttir á Raufarhöfn eru margar hverjar mjög lélegar eða ónýtar. Hverfisráð hefur áður vakið máls á þessu en því miður hafa gangstéttarmál ekki ratað ofar á verkefnalista en raun ber vitni. Það það malbika eða steypa stéttirnar eru alltaf best en hverfisráð leggur til að til þess að halda niðri kostnaði, verði bætt við starfsfólki í þjónustumiðstöð fyrir sumarið 2021 og þeir þeir starfskraftar nýttir til að rífa upp gamlar gangstéttir, þjappa og leggja nýjar. Til að fjármagna kostnað við auka starfsmenn bendir hverfisráð á verkefnið hefjum störf hjá vinnuálastofnun þar sem sveitarfélög eru sérstaklega hvött til að fjölga störfum og fá á móti styrk. Ýmis önnur verkefni væri hægt að koma í framkvæmt með auknum starfskröfum þjónustumiðstöðvar ss rífa ónýtar girðingar í landi Raufarhafnar, mála, fegra umhverfið og marg fl

Efniskostnaður við verkefnið er einungis hellur, því kantsteinar eru í lagi á langflestum stöðum. Mikið af hellum sem eru í gangstéttum eru í lagi aðeins þarf að þjappa undir og endurraða.

6. SR lóð Hverfisráð Raufarhafnar skorar á sveitastjórn Norðurþings að klára í eitt skipti fyrir öll að ganga frá málum tengdum SR lóð.

Forsaga málsins er löng en nú er komin tími til að taka ákvarðanir og framkvæma. Í desember á þessu ári eru komin 10 ár síðan Ríkisjóður Íslands, Norðurþing og Síldarvinnslan gerðu með sér samning um niðurrif fasteigna, hreinsun, frágang og förgun. Að mati hverfisráðs væri það mikill ókostur ef málið veltist yfir á enn aðra sveitastjórn með tilheyrandi töfum.

Hverfisráð lýsir sig reiðubúin til skrafs og ráðagerða í tengslum við málið.

7. Hverfisráð óskar eftir því við fjölskylduráð að séð verði til þess að leikskólinn á Raufarhöfn verði opin áfram á komandi hausti þrátt fyrir að mögulega verði lágmarksfjöldi barna ekki uppfylltur. Leikskólinn á Raufarhöfn er í raun meira en leikskóli og þarf að hugsa það alla leið ef það á að loka. Starfsmenn leikskóla hafa hingað til sinnt gæslu fyrir skóla að morgni, gæslu eftir skóla fyrir yngsta stig grunnskóla, afleysingar og fleira og fleira. Lýta þarf til þess að í fámennum sveitarfélögum geta komin einstök ár þar sem fjöldi barna uppfyllir ekki skilyrði.

8. Íbúafundur. **Hverfisráð ákveður að halda íbúafund þriðjudaginn 4. maí næstkomandi.**

Fundurinn verður bæði stað og fjarfundur til að brjóta ekki samkomutakmarkannir.

Fundurinn verður öllum íbúum opin í fjarfundi en forsvarsmenn fyrirtækja á staðnum eru sérstaklega boðaðir á staðinn í eiginpersónu til að eiga samtalið um sorpmál Raufarhafnar.

Fundurinn verður nánar auglýstur með dreifibréfi þar sem nánari upplýsingar verða veittar um hvernig á að nýta sér fjarfundartæknina.

9. Höfnin: beðið er eftir að dýpkunarskipið komi úr slipp, verið er að fara í dekkinn á Jökulsbryggjunni.

Viðgerð á kirkju, Jökuls og smábáta bryggjukanti er á áætlun 2023.

Hverfisráð ítrekar fyrri athugasemdir að kafari komi og hreinsi botninn í kringum Jökuls bryggjuna sem fyrsts.

Mikið rusl er á botninum og er hættulegt fyrir skipa og bátaumferð.

Mála þarf masturhúsin, vigtaskúr, bryggjukanta og polla og skipta um kastara á möstrum.

Gott væri að fá lýsingu í stiga. Hverfisráð óskar eftir því að farið verði í þessar aðgerðir sumar 2021.

Fleira ekki gert og fundi lokið kl 12:50